



## Sumartónleikar í Skálholtskirkju hlutu EYRARRÓSINA

Eyrarrósinn 2011 kom í hlut Sumartónleika í Skálholtskirkju og veittu aðstandendur þeirra viðurkenningunni móttöku í gær við athöfn á Bessastöðum.

Dorrit Moussaieff forsetafrú, verndari Eyrarrósarinnar afhenti verðlaunin. Fjölmennit var við athöfnina en auk afhendingar viðurkenningarinnar flutti dúettinn Hundur í óskilum nokkur lög við góðar undirtektir gesta. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Hrefna Haraldsdóttir stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík fluttu ávörp. Viðurkenningin er fjárstyrkur að upphæð 1,5 milljón, verðlaunagripur eftir Steinunni Þórarinsdóttur auk flugmiða frá Flugfélagi Íslands. Önnur tilnefnd verkefni voru **700is Hreindýraland** og **Þórbergssetur**.

Lesið meira



## Miðasala á tónleika JONASAR KAUFMANN hefst 24. febrúar

Mikil eftirvænting ríkir yfir komu **Jonasar Kaufmann**, eins fremsta óperusöngvara samtímans á Listahátíð í vor. Hann kemur fram á tónleikum ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg, stóra sal Hörpu þann 21. maí. Á efnisskránni eru ariur og forleikir úr þekktum óperum undir stjórn Peter Schrottner.

Jonas Kaufmann er nú á hátindi ferils síns og er uppselt á tónleika hans og óperuuppfærslur með löngum fyrirvara víða um heim. Mikill áhugi er á tónleikunum erlendis frá og hafa fjölmargar erlendar ferðaskrifstofur sem og einkaðlilar óskað eftir að panta eða kaupa miða á tónleikana, **en miðasala opnar samtímis fyrir alla aðila þann 24. febrúar næstkomandi**.

Allir sem skráðir eru á póstlista Listahátíðar fá senda áminningu daginn áður en miðasalan hefst.



## ÞÝSKA RÖDDIN sem sigraði heiminn

Jonas Kaufmann er dramatískur tenór sem er jafnvígur á sönglutverk ítölsku og frönsku meistaranna sem og þyngri óperuhlutverk Wagners. Tregablandinn tónblær raddar hans, yfirburða tækni og einstaklega blæbrigðarík túlkun í leik og söng hefur unnið honum sess meðal stærstu tenóra óperusögunnar.

Stuttu fyrir tónleika Kaufmann á Listahátíð í vor kemur hann fram ásamt stjórnuði stórsöngvara í Metropolitanóperunni, í uppfærslu Roberts Lepage á öðrum hluta Niflungahnings Wagners, Valkyrjunum. Þar syngur hann undir stjórn James Levine með stjörnum sem Íslendingum eru að góðu kunnar frá fyrri Listahátíðum; Bryn Terfel og Deborah Voigt.

**Skoða myndbrot með Jonasi Kaufmann á Classical Brit Awards 2009**

[www.jonas-kaufmann.com](http://www.jonas-kaufmann.com)

